

Alþingi
Erindi nr. P 127/115
komudagur 127/115001

Samgöngunefnd Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson
nefndarritari
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK
Ísland

12. nóvember 2001

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um markvisst átak til að lengja ferðaþjónustutímamann á Íslandi.

Ágæti Ágúst.

Ég hef fengið til umsagnar ofangreinda tillögu um þingsályktun. Fyrst ber að nefna, að ég tel hér um mjög þarft verk að ræða og tel það mjög nauðsynlegt að menn skoði enn frekar þá möguleika sem eru í vaxandi ferðaþjónustu hér á landi. Á stuttum tíma hefur ferðaþjónustan orðið ein af öflugustu atvinnugreinum þjóðarinnar og almennt eru flestir sammála um að til lengri tíma verði unnt að stefna að áframhaldandi vexti í þessari grein. Það er þó ljóst, að vegna voðaverkanna í Bandaríkjunum í september s.l. er enn mikilvægara að halda vöku sinni. Reikna má með tímabundnum samdrætti í ferðaþjónustu í heiminum og það er gífurlega mikilvægt að halda merki landsins eins vel á lofti og unnt er og upplýsa væntanlega farþega um kosti landsins og hve áhugavert er að heimsækja okkur.

Eins og fram kemur í tillögunni hefur mikil uppbygging átt sér stað, og sérstaklega hefur mikið verið fjárfest í hótelum og öðru gistirými. Það er rétt, að aðgangur að góðri gistingu, sem og samgöngum er mjög mikilvægur fyrir ferðaþjónustu, en það er þó mjög mikilvægt að hafa alltaf í huga, að það er ekki ástæða fyrir heimsóknnum gesta! Ferðaþjónusta snýst fyrst og fremst um upplifun, við förum ekki til Parísar eingöngu af því að þar eru hótél eða að þangað er flogið, heldur til að upplifa það sem borgin hefur uppá að bjóða. Að mínu áliti er það eitt stærsta vandamál ferðaþjónustu utan höfuðborgarsvæðis, að við höfum ekki náð að skapa þar sérstöðu, sem gestir okkar sækja í. Þetta á sérstaklega við utan háannatíma, því að yfir sumarið eru gestir okkar fyrst og fremst að sækja í náttúru landsins alls.

Reykjavík hefur hins vegar náð að skapa sér mikla sérstöðu utan háannatíma og það er ein helsta ástæða þess að gestum hefur fjölgað svo á höfuðborgarsvæðinu. Það vantar hins vegar mikið uppá slíkt utan höfuðborgarsvæðis, þar vantar bæði meiri og sérstakari afþreyingu og síðan vantar tilfinnanlega að markaðssetja þessar afurðir þannig að þær skapi áhuga hjá gestum okkar og auki þannig áhuga þeirra á að sækja okkur heim. Það er alveg ljóst að möguleikarnir eru gífurlegir, sérstaklega vegna þess að Ísland er nú þegar komið á kortið vegna þeirra vinnu sem þegar hefur verið unnin. Það er mun einfaldara verkefni að fá erlenda ferðamenn til að fara frá Reykjavík út á landsbyggðina heldur en beint frá London til landsbyggðar.




Ég tel því mjög brýnt að lögð verði mikil áhersla á að hjálpa ferðaþjónustufyrirtækjum við vörubróun, þar sem lögð verði sérstök áhersla á að byggja á sérstöðu hinna mismunandi svæða og byggja þannig upp mismunandi afþreyingu, sem vekja áhuga ferðamanna á svæðinu. Slík ráðgjöf getur verið með ýmsum hætti og er í sjálfu sér erfitt að mæla með einni leið umfram aðra. Það er hins vegar mitt álit að slíka vinnu verður að vinna. Markaðssetning kemur síðan sem afleiðing af því á hvaða sérkenni hvers svæðis verður lögð áhersla. Það er síðan rétt að hafa í huga, að slík markaðssetning tekur langan tíma og er kostnaðarsöm. Það er góð þumalputtaregla, að um 3-4 ár tekur að koma nýrri vöru á markað, þannig að þolinmæði er einnig nauðsynleg !

Í tillögunni er lagt til að umrætt átak verði gert í samráði við Ferðamálaráð, Byggðastofnun og Samtök ferðaþjónustunnar. Mér finnst rétt að varpa því fram hvort slík uppsetning gæti verið of flókin ? Málið mun fyrst og fremst snúast um fjármagn og úthlutun á því. Eins og staðan er í dag er mjög erfitt fyrir ferðaþjónustufyrirtæki að komast í "þolinmótt" fjármagn og það skapar mikil vandamál. Hins vegar má ætla að ferðaþjónustufyrirtækin, eða samtök þeirra séu best til þess fallin að finna út hvar best er að bera niður í þessu máli. Langtímaarðsemi hlýtur að vera meginmarkmið allra þeirra fyrirtækja sem starfa í þessari, sem og í öðrum atvinnugreinum.

Ég vona að þessar línur komi að einhverjum notum. Ef við hjá Flugfélagi Íslands getum orðið frekar til aðstoðar, með upplýsingum eða öðrum hætti, þá er sjálfsagt að koma að því máli. Að lokum við ég ítreka að efling ferðaþjónustu er gífurlega mikilvægt mál og því ber að fagna öllum tilraunum til að þau markmið náist.

Virðingarfyllst



Jón Karl Ólafsson
framkvæmdarstjóri.

